



Þingeyjarsveit

Stefnuyfirlýsing E- og K-lista, sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 2023-2026

E-listi og K-listi staðfesta hér með að þeir sammælast um að koma stefnumálum sínum eins og þau voru kynnt kjósendum, í framkvæmd samkvæmt eftirfarandi samkomulagi:

Stjórnsýsla - Rekstur og fjármál

- Varfærni, stöðugleiki og gagnsæi í fjármálum sveitarfélagsins. Stefnt verði að því að skatttekjur standi undir rekstrarkostnaði í A-hluta.
- Fyrsta kjörtímabil nýs sveitarfélags verði uppbyggingartímabil með áherslu á skilvirka stjórnsýslu sem tryggi verklag og fagleg vinnubrögð til langs tíma.
- Íbúar sveitarfélagsins verði hvattir til að taka virkan þátt í stefnumótun sveitarfélagsins með fjölbreyttum hætti s.s. með þátttöku í íbúafundum

Fræðslumál

- Börnum frá 12 mánaða aldri verði tryggð leikskóladvöl
- Samfélagsleg staða leikskólastigsins verði eflað
- Skólamáltíðir verði áfram gjaldfrjálstar
- Skólaþjónusta sveitarfélagsins verði þróuð áfram á sama grunni sem nú er
 - Þróunarverkefni á ýmsum sviðum s.s. í námsframboði, kennsluháttum í samstarfi við starfsfólk skólanna
 - aukið samstarf skóla sveitarfélagsins bæði faglegt og félagslegt
 - könnun á fýsileika á sameiginlegu unglingastigi í samstarfi við FL í framhaldi af umræðum á íbúafundum

Velferðar- og fjölskyldumál

- Sveitarfélagið leiti allra leiða til þátttöku í þróunarverkefnum um samræmda félags- og heilbrigðisþjónustu við eldra fólk
- Við flutning stjórnsýslu í Seiglu verði stefnt að heilsutengdri þjónustu í Kjarna
- Unnið verði af metnaði með verkefnið Heilsueflandi samfélag
- Unnið verði að bættum gæðum félagsþjónustunnar í samráði við Norðurþing um framtíð og fyrirkomulag þjónustu á svæðinu

Atvinnu- og kynningarmál

Skylda sveitarfélagsins er að skapa umgjörð þar sem fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum geta þrífist og blómstrað.

- Gerð verði atvinnustefna sveitarfélagsins 2024
- Stutt við störf án staðsetningar sem viðast í sveitarfélaginu. Gígur, Seigla, Reykjahlíð, Stórutjarnir.

- *Samstarf við Mývatnsstofu um markaðs- og kynningarmál sveitarfélagsins*
- *Skapað verði frjótt umhverfi fyrir nýsköpun*
- *Unnið verði að atvinnuþróun í Bárðardal í samráði við íbúa og hagaðila*
- *Unnið verði markvisst í því að sækja opinber störf inn í sveitarfélagið um leið og þau störf sem eru fyrir verða varin*

Húsnæðismál

- *Sveitarfélagið hafi forgöngu um að markaðurinn sé virkur með byggingu nýrra íbúða og/eða sölu á eldri íbúðum.*
- *Metnir verði kostir og gallar við að setja íbúðir í almenna íbúðakerfinu sveitarfélagsins inn í stærri einingu s.s. Brák hses.*
- *Ávallt verði fjölbreytt lóðaframboð víðs vegar um sveitarfélagið*

Mannvirki

- *Greining á ástandi fasteigna fari fram 2023-2024 og viðhaldsframkvæmdum forgangsraðað*
- *Almenn greining á eignum sveitarfélagsins m.t.t. nýtingar og möguleika á sölu*
- *Ýmis verkefni*
 - *Þétting byggðar í Reykjahlíðarþorpi og næsta byggingaland*
 - *Lokið verði við malbikun núverandi göngu- og hjólastígs að Álfagerði og teknar upp viðræður við Vegagerðina um aðkomu að frekari stígagerð í sveitarfélaginu*
 - *Endurmat á kostnaði við framkvæmd og rekstur sundlaugar í Reykjahlíð*
 - *Næsta skref tekið á þeistareykjum við lagningu stíga og verndun hverasvæðis með aðkomu Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða*

Umhverfis- og skipulagsmál

- **Forgangsmál**
 - *Stjórnunar- og verndaráætlun Mývatns og Laxár í samstarfi við UST. Ákvörðun um framtíð Kálfastrandar verði tekin með tilliti til þeirrar vinnu.*
 - *Gerður verði samráðsáætlun við UST um þau fjölmörgu verkefni sem stofnunin sinnir á verndarsvæði Mývatns og Laxár og víðar í sveitarfélaginu*
 - *Leitað verði leiða til að efla samstarf við Vatnajökulspjóðgarð um starfsemi VJP í sveitarfélaginu*
 - *Innleiðing fjögurra tunnu sorpkerfis í anda hringrásarhagkerfis*
 - *Greining fari fram á stöðu fráveitna og annarra veitna og verkefnum forgangsraðað*
 - *Nýtt aðalskipulag taki gildi 2024*
 - *Stuðlað verði að orkuskiptum innan sveitarfélagsins*
 - *Unnið verði að slitum HNP og að Þingeyjarsveit taki við eignarhlutum HNP í Þingey og Skuldapíngey*

Samgöngur

- *Áfram verði þrýst á ríkisvaldið varðandi nauðsynlegar samgöngubætur í sveitarfélaginu og að tryggja bættu vetrarþjónustu*
- *Áfram verði þrýst á samgönguyfirvöld til að tryggja áframhaldandi áætlunarflug á Aðaldalsflugvöll*
- *Áfram verði þrýst á bætt fjarskiptasamband og FM sendingar innan sveitarfélagsins*

Menningarstarfsemi

- *Unnin verði menningarstefna sveitarfélagsins og aðgerðaáætlun í menningarmálum*

Íþróttá- og tómstundamál

- *Frístundastarf barna verði styrkt áfram*
- *Samstarf skóla og íþróttá- og tómstundarfélaganna verði eflt*